

Héraðslæknir Norðurlands eystra
Ólafur Hergill Oddsson
Pósthólf 474
602 Akureyri

2. apríl 1998

Alþingi
Erindi nr. P 122/1714
komudagur 34.198

Heilbrigðis- og trygginganefnd Alþingis
c/o Gunnar Jakobsson, nefndarritari
Fax: 5630610

nefndarsvid@althingi.is

Athugasemdir við frumvarp til laga um dánarvottorð o.fl.

Ég þakka fyrir að fá tækifæri til þess að tjá mig um viðkomandi frumvarp.

2. gr.

Um andlát utan heilbrigðisstofnunar:

Ég tel að erfitt geti verið að framfylgja því að læknir sá sem stundað hefur hinn látna í banalegunni skoði líkið. Algengt er að fólk deyi á dvalarheimilum aldra og ef um er að ræða dauðsfall að næturlagi eða um helgar er vaktlæknir kallaður til. Eins og nú er lítið á málin getur það verið samkomulagsatriði milli vaktlæknisins og heimilislæknis sjúklings, sem stundaði sjúklinginn í banalegunni, hvor þeirra skrifar dánarvottorðið. Segjum svo að heimilislæknirinn riti dánarvottorðið af því að hann þekkir banalegu sjúklingsins, þá getur hann samt sem áður nýtt sér líkskoðun vaktlæknisins, en þarf ekki að framkvæma hana sjálfur, þ.e.a.s. líkskoðun þarf ekki að endurtaka. Mér finnst eðlilegra að hafður sé sami sveigjanleiki eins og þegar um er að ræða andlát á heilbrigðisstofnun, þ.e.a.s. að sá læknir sem annaðist hinn látna á stofnuninni eða yfirlæknir beri ábyrgð á að líkið verði skoðað.

Í síðustu málsgrein 2. greinar er getið um óvænt dauðsföll og ef ekki tekst að ná til læknis er stundaði hinn látna í banalegunni skal tilkynna andlátið til héraðslæknis.

Miðað við þá breytingu sem hefur orðið á störfum héraðslækna eftir að heilsugæslustöðvar komu til, þá velti ég því fyrir mér hvort hér væri ekki alveg eins eðlilegt að yfirlæknir viðkomandi heilsugæslustöðvar bæri ábyrgð á því að líkið verði skoðað. Það er í umræðunni nú að fækka héraðslæknum og ef landsvæðið er stórt sem þeir þjóna, þá getur verið erfitt að koma þessu við enda þótt málsgreinin segi auðvitað ekki að héraðslæknir skuli framkvæma líkskoðun.

2. grein 5. liður:ætla má að dauðsfall megi rekja til mistaka, o.s.frv.

Ég tel að setja þurfi skýrar reglur um framkvæmd þessa liðar. Ég er ekki viss um að þetta hafi verið venjan fram að þessu að tilkynna lögreglu um dauðsföll af þessu tagi (a.m.k. vegna gruns um mistök), sem átt hafa sér stað innan heilbrigðisstofnana.

4. gr.

Hér finnst mér upptalning liðanna ekki vera rétt. 1. og 2. liður vísa til þess hvenær réttarfræðileg líkskoðun á ekki að fara fram. Hinsvegar virðist 3. liðurinn vera útskýring á því hvernig þessi líkskoðun fer fram.

6. gr. 2. liður: Ber að skilja þennan lið á þann hátt að í hvert sinn sem læknirinn, sem framkvæmt hefur líkskoðun, treystir sér ekki til að gefa út dánarvottorð, þá eigi skilyrðislaust að fara fram réttarkrufning?

Eftir skilningi nágildandi laga um mannskaðaskýrslur og rannsókn á fundnum líkum nr. 42/1913 7. grein, þá er það svo að enda þótt læknir treysti sér ekki til að rita dánarvottorð þá getur sýslumaður samt sem áður ákveðið að réttarkrufning fari ekki fram og verður læknirinn að hlíta þeim úrskurði. Hann getur þá t.d. ef um skyndidauða er að ræða ritað “mors subita, causa incerta” á dánarvottorðið.

Í sjálfu sér geri ég ekki athugasemd við þá framkvæmd mála, sem nú er. Það kemur örsjaldan til ágreinings um þetta atriði, en það er mikilvægt að það verði alveg á hreinu eins og nú er hvor ræður, læknirinn eða sýslumaðurinn.

8. gr.

Í síðustu málsgrein er kannski rétt að það komi skýrt fram að fyrri setningin á við það ef einungis líkskoðun hefur farið fram og læknir þá væntanlega treyst sér til að rita dánarvottorð að henni lokinni.

Síðasta setning 8. greinar fjallar um það þegar réttarkrufning fer fram og er þá eðlilegt að sá sem framkvæmir hana riti dánarvottorðið.

9. gr.

Ef réttarkrufning hefur átt sér stað getur þurft að bíða lengi eftir endanlegum niðurstöðum. Hvernig verður slíkt meðhöndlað? Á að gefa út bráðabirgðavottorð eða veita undanþágu með að það megi jarðsetja áður en vottorðið er tilbúið?

10. gr.

Ég tel það vera framför að einungis sýslumenn sjái um innheimtu dánarvottorða.

14. gr.

2. liður: “Lágmarkskunnátta lækna sem gera réttarlæknisfræðilega líkskoðun”.

Athyglisvert, en hvernig verður þessu við komið í dreifbýlinu?

3. liður réttarkrufning: Getur verið að semja þurfi reglugerð um lágmarkskunnáttu lækna sem framkvæma réttarkrufningu?

Virðingarfyllt,

Ólafur H. Oddsson
Ólafur Hergill Oddsson

